



Félags- og menningarmálanefnd - 16.02.2017

13. fundur

16. febrúar 2017, kl. 15:00-16:30

Fundarstaður: Sel Hótel

Fundarmenn:

Elísabet Sigurðardóttir, form. (fundarr.)

Sigurður Böðvarsson

Jóhanna Njálisdóttir

Dagbjört Bjarnadóttir

Ólafur Þróstur Stefánsson

Starfsmenn:

Dagskrá:

1. *Aðalfundur Mývetnings*
2. *Íbúafundur vegna Skjólbrekku*
3. *Umsóknir vegna styrkja til lista- og menningarstarfs*
4. *Málefni almenningsbókasafns*
5. *Slit Skútusjóðs*

1. Aðalfundur Mývetnings

Aðalfundur Mývetnings var haldinn þann 15. febrúar 2017. Elísabet fór á fundinn og leggur fram til kynningar fundargerð, ársreikning og ársskýrslu Mývetnings fyrir árið 2016.

2. Íbúafundur vegna Skjólbrekku

Nefndin hefur fengið Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga til liðs við sig til þess að stýra íbúafundi í um málefni Skjólbrekku. Ákveðið að fundurinn verði haldinn fimmtudaginn 23. febrúar eða fimmtudaginn 2. mars.

ES

3. Umsóknir vegna styrkja til lista- og menningarstarfs

Auglýst var eftir styrkjum vegna lista- og menningarstarfs þann 11. janúar sl. Skilafrestur umsókna var til og með 8. febrúar. Engar umsóknir bárust en næst verður auglýst eftir umsóknum í haust.

4. Málefni almenningsbókasafns

Verið er að yfirfara starfslýsingar hjá sveitarfélaginu og búa til nýjar þar sem hefur vantað, m.a. fyrir bókasafnið. Nefndin hefur fengið starfslýsingu fyrir bókasafnsvörð til umfjöllunar. Nefndin hefur ekki athugasemdir við starfslýsinguna.

5. Slit Skútusjóðs

Endurskoðandi sveitarfélagsins hefur ráðlagt að slíta Skútusjóði, enda samrýmist það ekki starfsemi sveitarfélaga að standa í lánastarfsemi, og að þær eignir sem kunni að vera eftir renni til góðs málefnis í anda sjóðsins. Sveitarstjórn hefur samþykkt að slíta Skútusjóði og felur Félags- og menningarmálanefnd að koma með tillögu um ráðstöfun sjóðsins.

Sjóðurinn Skúta var stofnaður af síra Hermanni Hjartarsyni í janúar árið 1951 og starfssvið hans er Skútustaðahreppur. „Tilgangur sjóðsins er að leggja lið bændum og öðrum í Mývatnssveit, er byggja á jörðum sínum íbúðar- eða peningshús. Skulu slíkir menn eiga kost á að fá lán af sjóðnum um tiltekið árabíll, án vaxtagreiðslu. Samkvæmt fyrirmælum stofnanda sjóðsins fer sveitarstjórn Skútustaðahrepps með fjárhald hans og stjórnar honum“.

Ýmsar hugmyndir voru ræddar varðandi ráðstöfun sjóðsins. Tillaga nefndarinnar er sú að sjóðurinn fari að hluta til í að laga ytra byrði flygilsins í Skjólbrekku og smíða hirslu utan um hann. Nefndin óskar eftir því að fá að hafa yfirumsjón með verkinu. Verði afgangur þá renni upphæðin í sjóð sem verður notaður til stuðnings áttthagatengdum viðburðum í Mývatnssveit með áherslu á menningarlegar rætur. Sem dæmi um slíka viðburði má nefna málþing um Jakobínu í Garði og fyrirhugaða dagskrá með verkum sr. Arnar Friðrikssonar.

Fundi slitið kl. 16:30.

Elisabet Sigurðardóttir
Jóhanna Njálsdóttir
Sigrún Ríis
Jagðeig Gísladóttir
Ólafur Þ. Stef.